

**Nd.**

**152. Frumvarp**

til laga um stóribúðaskatt.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson, Bergur Jónsson, Hannes Jónsson,  
Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Hver sá, sem býr í íbúð, sem metin er til fasteignamats yfir 18000 kr. virði með tilheyrandi lóð, og eigi hefir fleiri í heimili en 5 manns, skal greiða af henni árlega stóribúðaskatt í rikissjóð. Fyrir hvern heimilismann umfram 5 skal hækka skattfrjálst íbúðarverð um 2500 kr. og lækka um sömu upphæð fyrir hvern mann, sem heimilismenn eru færri en 5.

2. gr.

Stóribúðaskattur samkvæmt 1. gr. skal nema: Ef hinn skattskyldi hluti íbúðarinnar er undir 5000 kr., greiðist af honum 3%.

Af	5000 til 15000 kr.	greiðist	150 kr.	af	5000 og	3,5%	af afgangi
—	15000 — 25000	—	500	—	15000	— 4,0%	—
—	25000 — 35000	—	900	—	25000	— 4,5%	—
—	35000 — 45000	—	1350	—	35000	— 5,0%	—
—	45000 — 55000	—	1850	—	45000	— 5,5%	—
—	55000 — 65000	—	2400	—	55000	— 6,0%	—
—	65000 — 75000	—	3000	—	65000	— 6,5%	—
—	75000 og þar yfir	—	3650	—	75000	— 7,0%	—

3. gr.

Stóribúðaskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstofunni í Reykjavík og af skattanefndum annarsstaðar á landinu.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um allt það, er varðar framkvæmd álagningarinnar, þ. á. m. nánari ákvæði um frádrátt á skattskyldu íbúðarverði vegna fjölskyldu og leigjenda og um meðferð kærumála út af álagningu skattsins.

4. gr.

Húseigandi er ábyrgur fyrir skattgreiðslu leigjenda sinna, enda hvílir skatturinn sem lögveð á húseigninni. Skattinn má taka lögtaki.

Skatturinn greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. ágúst 1932.

Skattheimtumenn rikissjóðs annast innheimtu skattsins.

5. gr.

Skattfrjálsar eru íbúðir sendiherra erlendra rikja.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Mjög er það tíðkað í mörgum löndum að miða skattgreiðslu manna við eyðslu þeirra. Er þetta einnig gert hér á landi með því að leggja háa tolla á óþarfa vöru. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að þeir, sem búa í svo stórum íbúðum, að óþarft má kalla, greiði skatt í rikissjóð, sem miðaður sé við verðmæti íbúðarinnar. Er hér gert ráð fyrir, að sköttuð verði sú sérstaka tegund eyðslu, sem kemur fram í notkun óþarflega mikils húsnæðis. Í sambandi við skatt þann af stóribúðum, er frumvarpið gerir ráð fyrir, má og geta annars atriðis, sem ætla má, að skatturinn hefði áhrif á, ef frumvarpið yrði að lögum. Mjög hefir horið á húsnæðiseklu í kaupstöðum landsins, einkum þó í Reykjavík, hin síðari árin. Hefir húsnæðiseklan haft áhrif á húsaleiguna, þar sem framboð á leiguhúsnæði hefir oftlega verið minna en eftirspurnin. Jafnhliða því, að húsnæðisvandræðin og há leiga hafa þannig þjakað fjölda manna, hafa fjölmargir haft til notkunar meira húsrúm en nauðsynlegt er. Gera má ráð fyrir því, að ef stóribúðaskattur yrði lögtekin, mundu ýmsir, er hann yrðu að greiða, minnka við sig nokkuð húsrými það, sem þeir nú nota, og bjóða það fram til leigu. Gæti þessi skattur því orðið til þess að hjálpa til að létta á húsnæðisvandræðum þeim, er undanfarið hafa verið mjög tilfinnanleg, og ef til vill haft áhrif á húsaleiguna til lækkunar.

Hér fer á eftir umsögn um einstakar greinar frumvarpsins, eftir því, sem tilefni þykir til:

Um. 1. gr.

Það mun nærri lagi, að góðar ihúðir í Reykjavík fyrir 5 manna fjölskyldur séu um 12 þús. kr. að fasteignamati, samkvæmt nýja matinu.

Þó þykir eigi rétt að skattleggja sem óþarflega stórar íbúðir minni íbúðir en þær, sem eru 18 þús. kr. að fasteignamati og 5 menn búa í, og ætla síðan

kr. 2500 til viðbótar eða frádráttar skattskyldu íbúðarverði fyrir hvern mann, sem vantar á, til þess að 5 menn séu í íbúðinni eða eru umfram þá tölu.

Um 2. gr.

Eigi verður sagt, hve miklu stóribúðaskatturinn muní nema í heild.

Til leiðbeiningar um skattaupphæðir í einstökum dæmum skulu hér nefnd nokkur dæmi úr Reykjavík:

1. Íbúð er að fasteignamati 81500 kr., 9 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 2317,50. Ef 5 manns væru í heimilinu, mundi skatturinn nema kr. 2910,00.
2. Íbúð er að fasteignamati 70800 kr., 10 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 1615,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 2279,00.
3. Íbúð er að fasteignamati 52800 kr., 9 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 892,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 1341,00.
4. Íbúð er að fasteignamati 41000 kr., 9 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 430,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 820,00.
5. Íbúð er að fasteignamati 33700 kr., 8 manns í heimili. Skatturinn yrði samkvæmt frumvarpinu kr. 262,00. Ef 5 manns væru í heimili, yrði skatturinn kr. 528,00.

Um 3., 4., 5. og 6. gr.

Greinar þessar gefa ekki tilefni til athugasemda.